

Forsætisnefnd 15. janúar 2021: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að festa í sessi tilraunaverkefni um óundirbúnað fyrirspurnir á fundum borgarstjórnar - R20080128

Forsætisnefnd samþykkir í ljósi góðrar reynslu af dagskrárliðnum óundirbúnað fyrirspurnir í borgarstjórn að hann verði festur í sessi og gerður varanlegur með sama fyrirkomulagi og verið hefur á tilraunatímabilinu. Samþykktum borgarstjórnar verði breytt til samræmis við það. Samþykkt þessi taki gildi í febrúar.

Greinargerð:

Í ljósi þess að sú nýbreytni að vera með óundirbúnað fyrirspurnir í borgarstjórn tímabundið í tilraunaskyni sem fengið hefur góðan hljómgrunn og gengið vel er ekkert að vanbúnaði að dagskrárliðurinn verði festur í sessi. Þessi nýbreytni hefur verið liður í að gera borgarstjórnarfundina skilvirkari, sveigjanlegri, auka upplýsingaflæði og gagnsæi auk þess að glæða áhuga almennings og fjölmiðla á borgarmálefnum. Þá getur dagskrárliður sem þessi m.a. verið nauðsynlegur á óvissutímum, eins og við höfum staðið frammi fyrir nú, til að bregðast við og miðla upplýsingum með skjótari hætti.